

Tillaga til ályktunar

– Leikmannssamningar í 1. og 2. deild kvenna –

Grein 14.5. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki breytingar á grein 14.5. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **grænmerkt**.

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 14.5.:

- 14.5. Aðeins félögum í **efstuPepsi-deildum** karla og kvenna, 1. deild karla og kvenna, og 2. deild karla og kvenna ~~og í Pepsi-deild kvenna~~ er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabíla í **efstuPepsi-deildum** karla og kvenna, en þriggja keppnistímabíla í 1. deild karla og kvenna, og 2. deild karla og kvenna ~~Pepsi-deild kvenna~~, sbr. þó næstu grein.

Greinargerð

Núverandi fyrirkomulag gerir einungis 10 liðum á ári kleift að gera leikmannsamninga en þeir eru forsendur þess að leikmenn geti gert tímabundin félagaskipti enda sambandsamningur metinn sem áhugamannsamningur hjá FIFA. Grundvallarmunur er á tímabundnum félagaskiptum og almennum félagaskiptum og hefur það þýtt að mjög er þrengt að félagaskiptum kvennaliða enda stórt skref að yfirgefa samningsfélag vegna mögulegra skammtímahagsmuna er snúa að því að fá mínútur í keppnisleikjum í meistaraflokki. Með því að tryggja jafnrétti þriggja efstu deilda karla og kvenna þegar kemur að gerð samninga munu fleiri leikmenn fá mínútur í meistaraflokki sem er öllum til hagsbóta. Samningsfélag leikmannsins hefur úr sömu kostum að velja og áður en nú einnig með möguleika á að lána leikmönnum í sömu deild (sem ekki er hægt nú nema í Pepsi deild kvennamegin), fleiri lið geta gert samninga við leikmenn en boðið þeim uppá þann möguleika að fá reynslu hjá öðru liði ef þeir fá ekki mínútur í sínu liði og fleiri leikmenn fá mínútur í meistaraflokksknattspyrnu.

Einnig er horft til þess að auknir möguleikar á fleiri tímabundnum félagaskiptum geta leitt til þess að lið sem nú eru að koma fótum undir eða styrkja starf í meistaraflokkum kvenna í knattspyrnu ættu meiri möguleika á að fá tímabundna aðstoð frá mun fleiri liðum en nú er. Þurfi að skilja leikmenn eftir heima. Oft er það þannig að þjálfarar taka þá áhvörðun að hafa ekki markmann á bekknum því ólíklegt er að honum sé skipt inná, sem myndi breytast með þessu. Lið sem t.d. hafa 36 iðkendur geta ekki verið með fleiri en tvö lið og það er ekki möguleiki að gefa öllum tækifæri að taka þátt. Með þessari breytingu verður það hægt.